



AFL Starfsgreinafélag fordæmir verkfallsbrot yfirmanna Ísal í Straumsvík sem gengu í morgun í störf hafnarverkamanna í löglega boðuðu verkfalli þeirra. AFL bendir á að nú stendur yfir allsherjaratkvæðagreiðsla um sátt á vinnumarkaði til næstu 2ja ára og framkoma yfirmanna Ísal í yfirstandandi kjaradeilu setur samningaviðræður um framtíðarskipan vinnumarkaðar í uppnám. AFL skorar á stjórn Samtaka Atvinnulífsins að fordæma framkomu Ísal og yfirmanna fyrirtækisins.

Framtíðarsátt á vinnumarkaði getur ekki orðið þeim hætti að verkalýðsfélög skuldbinda félagsmenn sína með kjarasamningum á meðan aðildarfyrirtæki Samtaka Atvinnulífsins taka sér sjálfðæmi um það hvort þau virði þá samninga.

Kjaradeilan er orðin langvinn og því þarf ekki að undra þótt gripið sé til aðgerða til að þrýsta á um kjarabætur. Framkoma Rio Tinto og forsvarsmanna þess í samningaviðræðum við stéttarfélagin er fyrirtækinu til háborinnar skammar og steininn tekur úr við aðgerðum þess í morgun. Við getum ekki unað því að alþjóðleg stórfyrirtæki hámarki hagnað sinn á kostnað íslensks launafólks þvert á kjarasamninga. Útvistun verkefna er eitt helsta verkfæri stórfyrirtækja til félagslegra undirboða og gegn því þarf að berjast af fullri hörku.

AFL Starfsgreinafélag lýsir yfir fullum stuðningi við baráttu starfsmanna í Straumsvík og rétti þeirra fyrir því að gerðir við þá kjarasamningar eins og íslensk lög gera ráð fyrir.